

Málstofa A – Aðferð við tilfærslu.

Stjórnandi: Lúðvík Geirsson.

Ritari: Einar Njálsson.

Þjónusta við fatlaða verður flutt frá ríki til sveitarfélaga með heildstæðum hætti enda uppfyllir sú aðferð best forsenduna um samþættingu faglegrar og fjárhagslegrar ábyrgðar. Fjármögnun mun byggja á eigin tekjum sveitarfélaga á grundvelli breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Stefnt er að því að hverfa frá sameiginlegri fjármögnun ríkis og sveitarfélaga og að skörun þjónustupátta með óljósri ábyrgð verði eytt.

Reynsla af framkvæmd þjónustu við fatlaða hjá sveitarfélögum

Almennt er góð reynsla af framkvæmd þjónustu við fatlaða þar sem sveitarfélög hafa sinnt þjónustunni á grundvelli þjónustusamninga. Samþætting félagsþjónustu sveitarfélaga og frekari liðveislu hefur tekist vel. Samstarf við svæðisskrifstofur er gott. Bent var á að forðast þurfi mistök sem urðu við yfirfærslu grunnskólans, bæði hjá sveitarfélögum og ríki. Gæta að yfirbyggingunni, ekki setja upp „svæðisskrifstofur“ í öllum sveitarfélögum. Er nokkur þörf á þjónustusvæðum?

Áherslur Öryrkjabandalags Íslands

Af hálfu Öryrkjabandalags Íslands var lögð áhersla eftirfarandi: Yfirfærslan fjallar um mannréttindi, skilgreina þarf réttindi í sérstökum kafla í samningum ríkis og sveitarfélaga. Gerð verði þjónustukönnun meðal notenda í dag, sem hægt verður að nýta til samanburðar síðar, til dæmis við úttekt og endurmat 2014. Því færri þjónustusvæði því betra. Fyrirvari um SIS-matið – hentar ekki öllum fötluðum. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði grundvöllur yfirfærslunnar. Þjónustan verði betri eftir en áður. Réttindabarátta hugsanlega erfiðari þegar samningsaðilum fjölgar. Skilgreind verði og tryggð grunnþjónusta/grunnréttindi. Efasemdir um að ríki og sveitarfélög muni ná saman um fjármögnun.

Hvernig á að tryggja sambærilega þjónustu milli sveitarfélaga?

Spurt var: Hvernig verður unnt að tryggja sambærilega þjónustu milli sveitarfélaga (bent á Svíþjóð og Noreg)? Hvernig á að fara með þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir? Hvað með vinnumálin? Hver á að hafa eftirlit með þjónustunni? Umræðustjóri svaraði: Stefnt er að því að koma á samræmdu þjónustumati á landsvísu. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög yfirtaki gildandi þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir. Unnið að samþættingu vinnumála undir Vinnumálastofnun, þar með talin vinnumál fatlaðra og öryrkja. Félags- og tryggingamálaráðuneyti mun fara með eftirlit eftir yfirfærsluna.

Möguleiki á útvistun verkefnisins

Vakin var athygli á þeim möguleika að skoða útvistun verkefnisins? Einnig að það verði að vera sami þungi í því að bæta þjónustu við fatlaða og því að efla sveitarstjórnarstigið.

Mikilvægt að ábyrgð á framkvæmd og ábyrgð á fjármagni fari saman. Vakin athygli á „földum“ þörfum, eftirspurn sem verður til þegar þjónustan færir nær notanda. Mikilvægt að tímasetningar varðandi yfirfærslu standist.

Ábendingar Áss styrktarfélags

Af hálfu Áss styrktarfélags kom meðal annars fram: Lýst áhyggjum af því að landamæri verði til við flutninginn. Gera á fötluðum kleift að eignast sitt eigið húsnæði. Falinn kostnaður er í húsnæðismálum. Jöfnunarsjóður ætti að geta komið inn í húsnæðismálin. Lýst áhyggjum af því að ekki komi nægir fjármunir með yfirfærslunni. Skoða hvorum megin atvinnumál fatlaðra liggja, hjá félagsþjónustu eða vinnumálum? Dagþjónusta á að vera vinnumál, hvort sem það er hæfing eða vernduð vinna. Bent var á meiri samfélagsvitund í dreifbýli en þéttbýli, þess vegna þurfi að leggja meira inn í yfirfærsluna á höfuðborgarsvæðinu.

Mikilvægi samræmds þjónustumats

Þátttakendur voru sammála um mikilvægi samræmds þjónustumats og það væri grundvöllur þess að ná markmiðum um sambærilega þjónustu milli sveitarfélaga. Fram kom að núverandi mat, svokallað „sjö flokka kerfi“, væri ónothæft. Allmargir gerðu fyrirfara um að SIS-matið verði tekið upp, töldu það að ýmsu leyti takmarkað og nýttast fyrst og fremst þroskaskertum. Ritari upplýsti að SIS-matið (ef það verður tekið upp – verið að skoða fleiri kerfi) er ekki grundvöllur til að ákvarða heildarfjármuni vegna tilfærslunnar heldur til skiptingar á fjármunum sem eru til ráðstöfunar.

Mikilvægt við kostnaðarmat að skoða vandlega hvernig er biðlisti er ákvarðaður. Bent var á könnun Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar á þátttöku geðfatlaðra í dagþjónustu sem sýnir að 70% þeirra sem eru í búsetu í Reykjavík nýta ekki dagþjónustu. Væntingar vegna yfirfærslunnar eru miklar.

Mikilvægt að landsbyggðinni verði gert kleift að veita þjónustu. Tryggja verður að þjónustusvæðin verði öflug fjárhagslega. Ekki má viðhalda þeirri þróun að þeir sem þurfa mikla þjónustu flytji af landsbyggðinni til borgarinnar.

Bent var á nauðsyn þess að sveitarfélög hugleiði samstarf þvert á sveitarfélög/þjónustusvæði til að koma í veg fyrir hugsanlegar landamæragirðingar.

Ábendingar Geðhjálpar

Af hálfu Geðhjálpar kom meðal annars fram: Ítrekað var að yfirfærslan snúist um mannréttindi og mikilvægt að hún verði notuð til þess að styrkja mannréttindi. Bent sérstaklega á 19. gr. um sjálfstæða búsetu og mikilvægi þess að horfið verði frá búsetu í sambýlum eða stórum blokkum. Fram komu efasemdir um að það sé framkvæmanlegt að mynda þjónustusvæði með 7–8 þúsund íbúum, landshluti eins og Vestfirðir er undir 7 þúsund íbúum. Ekki verði sundrað þjónustusvæðum sem þegar virka vel þó þau séu fámennari en viðmiðunarstærð. Bent var að mjög sértæk þjónusta muni ekki verða veitt um allt land, slík þjónusta muni verða bundin við þéttbýlli svæði, jafnvel aðeins höfuðborgarsvæðið.

Bent var á mikilvægi þess að þjónustusvæði verði nægilega stór ekki bara vegna fjárhagslegs styrkleika heldur ekki síður til að tryggja að fjölbreytt sérfræðipækning verði til staðar.

Almennt var gerður góður rómur að skipulagi og framkvæmd málþingsins og þeim fjölbreyttu og gagnlegu hugmyndum sem fram komu.